

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, I. TBL.

22. ÁGÚST 2008

Skólastarfið hefst í dag - undirbúningur mikill

Í dag er skólaþing í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá á mánuðaginn.

Skóladagar nemenda eru 180 á skólaári. Skipulagsdagar kennara, samanlagt fyrir skólaþing og eftir skólaslit, eru átta dagar og á starfstíma skólans fimm. Þessir fimm skóladagar geta verið útfærðir á ýmsu vegu, þ.e. verið teknir í jólafrí nemenda, í páskafrí eða öðruvísi. Eina viðmiðið er að nemendadagarnir 180 komist fyrir frá 20. ágúst til 10. júní.

Kennarar og annað starfsfólk skóla hefur verið að störfum þessa viku og í síðustu viku voru námskeið meðal starfsfólks sumra grunnskólanna í Hafnarfirði

og á vegum Skólaskrifstofunnar. Þannig hefur Skólaskrifstofan verið með nokkra námskeiðsdaga undanfarið til að kynna nýju starfsfólki í grunnskólum Hafnarfjarðar starfsemi fræðsluviðs, þjónustu Skólaskrifstofunnar, þróunarverkefni í Hafnarfirði og SMT-

skólafærni. Þá var Skólaskrifstofan einnig með hópefli meðal skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í skólabyrjun og skólarnir stóðu sjálfir fyrir námskeiðahaldi af ýmsu tagi.

Magnús fræðslustjóri ávarpar skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í upphafi skólaárs.



Stóra upplestrarkeppnin í þróun

Ákveðnar breytingar verða gerðar á framkvæmd Stóru upplestrarkeppninnar frá hausti 2008. Það verður þó lítið sýnilegt almennum kennurum og allra síst í Hafnarfirði. Breytingarnar eru þær að RADDIR, félagsskapurinn sem fóstæði verkefnið, felur sveitarfélögum stærri hlut í framkvæmd keppninnar frá haustinu. RADDIR munu áfram leggja til lestrarefni og halda úti vefsíðu með upplýsingum fyrir keppnina með auk-

inni þjónustu við kennara. Hafnarfjarðarbær mun hýsa þann vef (ný vefslóð verður kynnt fljótlega) svo verkefnið hefur áfram góð tengsl við upphaf sitt, Hafnarfjörð.

Ingibjörg Einarsdóttir, skrif-

stofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar mun áfram halda utan um framkvæmd keppninnar í Hafnarfirði líkt og verið hefur. Fyrirkomulag keppninnar í Hafnarfirði verður það sama og áður.





Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Byggingu Hraunvallaskóla er að ljúka, þ.e. síðasta álma skólans verður tekin í notkun í haust. Í henni eru kennslustofur unglínganna, fyrirlestrarsalur, húsnæði heilsdagsskóla og íþróttasalur.

» Evrópsk samgönguvika er 16.-22. september árlega og hún er jafnframt umferðarvika í Hafnarfirði. Yfirskrift hennar í ár er: Í bæinn án bílsins (In town without car). Sjá vefsíðu verkefnisins: <http://www.mobilityweek-europe.org/>

» Föstudaginn 12. september boðar menntamálaráðherra til menntaþings til að ræða ný lög um grunnskóla. Sjá nánar vefsíðuna: <http://www.nymenntastefna.is>.

» Mikil ráðstefna verður haldin á vegum ADHD samtakanna 24. og 25. september nk. Nánari dagskrá má finna á vef samtakanna, <http://www.adhd.is>. Gjald fyrir félagsmenn í ADHD samtökunum er kr. 24.000 en kr. 32.000 fyrir aðra. Skráning stendur yfir á: <http://www.gestamottakan.is/adhd/skraning.html>.

» Þann 29. september nk. verður haldin námsstefna á vegum Samtaka lamaðra og fatlaðra um fjölskyldumiðaða þjónustu. Sjá nánar vefinn <http://www.slf.is>.

» Þar sem þetta er fyrsta vefrit **Skólaritsins** á þessu skólaári munu nýir starfsmenn í grunnskólum Hafnarfjarðar ekki fá það sent þar sem ritstjóri hefur ekki enn þá netföng þeirra. Óskað er eftir að samkennarar nýrra kennara sem fá **Skólavefritið** áframsendi þeim blaðið og bendi þeim á að senda mér netfang sitt svo þeir komist á póstlista blaðsins.




Myndirnar eru teknar frá námskeiðahaldinu í haust, sú efri úr Hraunvallaskóla og sú neðri frá Setbergsskóla.

Kennsla um trúarbrögð og lífsskoðanir

Fræðiefni vikunnar er handbók sem tekur á því hvernig skuli kenna og vinna með málefni trúarbragða og lífsskoðana í opinberu skólustarfi. Ritið nefnist **Toledo Guiding Principles on Teaching about Religions and Beliefs in Public Schools**. Þetta er 134 síðna rit sem dreift er á vefnum í pdf-sniði.

Í ritinu er tekin til umfjöllunar trúarleg fjölbreytni og nauðsynleg virðing fyrir trúarlegum lífsskoðunum og rétti til frelsis í trúariðkun. Fyrir skólustarf snýst málið



VEFSLÓÐ: http://www.osce.org/publications/odihr/2007/11/28314_993_en.pdf

Fræðiefnið

ekki síst um hvernig umræða um trúarbrögð og lífsskoðanir lúti uppeldisfræðilegum þáttum sem skólustarf grundvallast á. Í handbókinni eru ræddar hagnýtar leiðir fyrir skóla, hvernig trúmál og lífsskoðanir verði ræddar. Mikilvægt er að virðing sé borin fyrir fjölbreytni og viðhorf minnihluta viðurkennnd. En um leið þarf skólustarf að sinna samfélagslegri þjónustu fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Vert allrar athygli.

Kynfræðslan borin á torg

Vefur vikunnar er kynfræðslutorgið en það er safnvefur Námsgagnastofnunar þar sem allt vefefni þeirra um kynfræðslu er sett á einn vef.

Efni vefjarins er þrískipt. Þar er hægt að nálgast kennsluefni á pdf-sniði. Þar er vísað áfram á kynfræðsluvef Námsgagnastofnunar, hægt að nálgast ýmsa bæklinga sem tengjast kynfræðslu

VEFSLÓÐ: http://www.l.nams.is/kyn_torg/index.php



og loks eru þar fræðsla í kvikmyndaformi sem hægt er að skoða beint af vefnum. Þá eru hér krækjur í aðra vef og efni sem getur verið gott að vita af og fá frekari fræðslu um kynlíf og kynhegðan. Loks geta kennarar nálgast kennsluleiðbeiningar

fyrir kennsluefni Námsgagnastofnunar á sviði kynfræðslu.

Þetta er velheppnaður vefur og ætti að nýtast kennurum vel.



Tilkynning vikunnar

Þeir áskrifendur **Skólavefritsins** sem vilja hætta á póstlista blaðsins eru vinsamlegast beðnir að tilkynna það til ritstjóra.

Næsta blað **Skólavefritsins** er væntanlegt föstudaginn 29. ágúst 2008